

Hافرéttarmál

Deilur Íslendinga og Norðmanna um
„Smuguveiðar“ og fiskverndarsvæði
Norðmanna við Svalbarða

Lárus Jónsson, meistaranemi
í alþjóðasamskiptum við H.Í.

2. tbl. 2. árg. 2006
Erindi og greinar

Inngangur

Deilumál Íslendinga við Norðmenn og Sovétmenn (síðar Rússa) á tíunda áratug síðustu aldar var alþjóðlegt deilumál, deilumál smárikisins Íslands gegn Norðmönnum og Rússum. Jón Baldvin Hannibalsson (munnleg heimild, 12. október 2006) lýsir smáriki á eftirfarandi hátt: „Ríki sem eitt og óstutt getur litlu áorkað til breytinga í umhverfi sínu hvort sem það er til góðs eða ills.“ Smáriki hafa hag af því að lög og réttur sé virtur vegna þess að þau geta ekki beitt valdi til að ná fram markmiðum sínum. Smáriki leita því eftir samstöðu með öðrum ríkjum til þess að ná þeim fram.

Samkvæmt framansögðu er hagsmunum Íslendinga best borgið ef alþjóðleg lög eru virt. Ísland er smáriki og sumir hafa gengið svo langt að kalla það kotríki. Það sem skiptir þó mestu máli er að hagsmunum Íslands er best borgið þegar þjóðir fara að alþjóðalögum. Þetta á sérstaklega við um hafréttarmál þar sem sjávarútvegur er einn af höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar.

Hér á eftir er ætlunin að skoða deilur Íslendinga við Norðmenn og Rússa í Barentshafi. Íslendingar fylgdu alþjóðalögum í deilunni og unnu ekki gegn sérstöðu sinni sem strandríki með því að veiða á úthafinu. Kenning Baldurs Þórhallsssonar um skilvirkni smárikja rímar við útkomu þríhliða samnings deiluadila í lok tíunda áratugs síðustu aldar.

Alþjóðlegt vandamál

Jón Baldvin Hannibalsson (1996) lýsir þessum alþjóðlegu vandamálum sem afleiðingu af rányrkju í hafinu. Þrátt fyrir að strandríki hafi fengið 200 mílna efnahagslögsögu á áttunda áratug síðustu aldar hafa nytjastofnar víða brugðist og ríki leita í ríkari mæli til úthafanna til að bregðast við aflabresti innan eigin lögsögu.

Upphaf Smugudeilunnar má rekja til minni þorskafla innan íslensku efnahagslögsögunnar á tíunda áratug síðustu aldar. Útgerðamenn brugðust við aflabresti á Íslandsmiðum með veiðum í Smugu í Barentshafi og á fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða (hér eftir kallað Svalbarðasvæði) á árunum 1993-1999. Smugan liggur milli rússnesku og norsku efnahagslögsögunar og að Svalbarðasvæðinu. Öllum ríkjum er heimilt að veiða á úthafinu samkvæmt þjóðarétti. Við gildistöku hafréttarsáttmálans var þessi þjóðaréttur lögfestur. Takmarkanir á veiðum á úthöfum eru miðaðar við verndunarsjónarmið. Hafrétturinn heimilar veiðar í Smugunni svo lengi sem ekki verður sýnt fram á að tegundir sem veiddar eru séu í verulegri hættu (Gunnar G. Schram 2001).

Með hafréttarsamningnum árið 1982 voru settar reglur sem varða landgrunnið, landhelgina og efnahagslögsöguna en úthöfin voru undanskilin. Samkvæmt þjóðarétti máttu allir veiða eins mikið og þeir vildu á úthöfum vegna þess að reglur sem áttu að takmarka veiðarnar voru of almenns eðlis. Samkvæmt nýlegri skýrslu FAO eru 50% fiskistofna heimshafanna fullnýttir, 25% ofnýttir og 25% mundu þola meiri veiðar. Árið 1995 samþykktu 112 ríki auk Evrópusambandsins samhljóða bindandi samning um veiðar á úthafinu. Markmið samningsins er að tryggja sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförla fiskistofna. Útveidasamningurinn getur haft mikla þýðingu bæði almennt séð og sérstaklega fyrir strandríki á borð við Ísland sem eiga lífsafkomu sína undir sjávarútvegi (Gunnar G. Schram 2001).

Hlutur veiða og vinnslu af vergri landsframleiðslu á Íslandi hefur minnkað úr um það bil 12% 1997 niður í kringum 8% 2005 (Sjávarútvegsráðuneytið 2006). Þrátt fyrir þennan samdrátt er sjávarútvegur greinilega afar mikilvægur fyrir lífsafkomu Íslendinga. Það er því algjört grundvallarmál fyrir Íslendinga að ríki komi sér upp alþjóðlegum reglum til að stemma stigu við ofveiðum og tryggja sjálfbæra nýtingu nytjastofna.

Úthafsveiðisamningur getur haft mikla þýðingu. Þó mun hann ekki leysa sjálfkrafa deilumál sem komið hafa upp víðs vegar í heiminum. Til þess að leysa slíkar deilur þarf pólitískan vilja en úthafsveiðisamningur getur myndað ramma og þrýst á um samkomulag á milli ríkja (Gunnar G. Schram 2001).

Deilan um Svalbarða

ég byggði mér hús við hafið
og hafið sagði ó key
hér er ég og heiti
hudson bay

Með þessum línnum hefst ljóðið Hudson Bay eftir Stein Steinarr. Fyrirtækið Hudson Bay „átti“ í raun Svalbarða á 19. öld (Jón Baldvin Hannibalsson, munnleg heimild, 20. september 2006). Danir höfðu krafist yfirráða yfir eyjaklasanum á 17. og 18. öld en á 19. öld var hann talinn einskis mans land (Churchill og Ulfstein 1992). Í Versölum 1920 undirrituðu allmörg ríki Svalbarðasamkomulag. Stofnríki að sáttmálanum voru Noregur, Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Ítalía, Japan og Svíþjóð. Samkomulagið mælir fyrir fullveldisrétti Noregs á svæðinu með mikilvægum undantekningum. Mikilvægast er að allir samningsaðilar skulu hafa jafnan rétt til veiða, bæði á sjálfum eyjunum og í landhelginni og þeim er heimilt að nýta aðrar auðlindir eyjanna. Noregur lýsti yfir 200 sjómílna fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða 1977. Norsk stjórnvöld telja sig hafa rétt á úthlutun veiðikvóta innan fiskverndarsvæðisins og þennan rétt byggja þau á sögulegum veiðiréttindum. Íslendingar gerðust aðilar að Svalbarðasamningnum 1994 til þess að öðlast hlutdeild í réttindum aðildarríkja innan Svalbarðasvæðisins.

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að Svalbarðasamningurinn gildi fyrir 200 sjómílna fiskverndarsvæðið umhverfis Svalbarða. Norsk stjórnvöld halda því fram að samningurinn gildi aðeins um 4 sjómílna landhelgi umhverfis eyjarnar. Norðmönnum hefur reynst erfitt að benda á þjóðréttarheimildir sem veita þeim réttindi til fiskveiðistjórnunar utan landhelgi þeirra. Þess má geta að fiskverndarsvæði eru hvergi nefnd í hafréttarsáttmálanum. Norðmenn hafa yfirleitt vísað til sögulegra réttinda en með sömu rökum eiga önnur ríki rétt á að veiða á svæðinu, t.d. Ísland og Rússland. Ekki hefur myndast þjóðréttarvenja um að Norðmenn hafi rétt til veiðistjórnunar innan fiskverndarsvæðis. Eins og Gunnar G. Schram (2001, bls. 125) segir:

Ekkert ríki samkomulagsins hefur viðurkennt fiskverndarsvæði Norðmanna og ýmis beinlínis mótmælt því. Jafnvel þótt talið yrði að Norðmönnum hafi verið heimilt að lýsa yfir hinu 200 sjómílna fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða í krafti fullveldisréttar síns yfir eyjunum verða þeir engu að síður að virða ákvæði Svalbarðasamningsins frá 1920 um jafnan rétt samningsaðila til að nýta auðlindir sjávar á samningssvæðinu öllu í samræmi við þróun þjóðarréttar frá 1920. Jafnræðisreglan ætti því nú að gilda ekki aðeins í landhelgi Svalbarða heldur á 200 sjómílna svæðinu einnig.

Þetta þýðir að norsk stjórnvöld skulu ákveða heildarflakvóta á svæðinu með hliðsjón af þjóðréttarlegum reglum um nýtingu og skipta á milli aðildarríkja samkomulagsins. Það þýðir þó ekki að öllum löndum beri að fá jafnmikinn kvóta í sinn hlut. Veiðireynsla á svæðinu og hversu efnahagslega háð ríki eru fiskveiðum og nálægð ríkis við svæðið skiptir mestu máli. Íslensk skip stunduðu þorsveiðar á Barentshafi með hléum á árunum 1930-1960 ásamt síldveiðum á þessum slóðum um miðjan áttunda áratug síðustu aldar (Gunnar G. Schram, 2001).

Í bókinni *Marine Managements in disputed areas* (1992) fjalla þeir Ulfstein og Churchill um lagalega stöðu Norðmanna á Svalbarða. Þeir telja að ekkert banni Norðmönnum að setja á fót fiskverndarsvæði, hvorki í Svalbarðasáttmálanum né hafréttarsáttmálanum. Þeir telja réttlátt að setja upp 200 mílna efnahagslögsögu með réttindum yfir fiskimiðum og landgrunni sem þar fylgja. En þeir telja að fullveldisréttur þar byggist á Svalbarðasamkomulaginu og Norðmönnum beri að hlíta jafnræðisreglu samningsins þar. Norðmenn telja hins vegar að Svalbarðasamkomulagið og ákvæði þess um jafnræði samningsaðila gildi einungis á eyjunum sjálfum og í fjögurra mílna landhelgi þeirra.

Ulfstein og Churchill (1992) segja að við túlkun Svalbarðasamningsins verði að horfa á upprunalegan tilgang hans og hafna með því lögskýringum sem norsk stjórnvöld hafa notað. Markmið Svalbarðasamkomulagsins var þrenns konar: Í fyrsta lagi að tryggja Noregi yfirráð yfir eyjaklasanum, í öðru lagi að vernda réttindi sem ríki höfðu áður þegar Svalbarði var einskismannsland og í þriðja lagi að tryggja friðsamlega þróun á svæðinu. Þarna eru Norðmönnum greinilega gefin yfirráð yfir Svalbarðasvæðinu með ákveðnum skilyrðum, önnur ríki halda réttindum sem þau höfðu fyrir Svalbarðasáttmálann. Norðmenn telja að Svalbarðasamkomulagið gildi ekki á 200 sjómílna

Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

fiskverndarsvæðinu. Í Svalbarðasamningnum er hvergi minnst á landhelgi en 200 sjómílna efnahagslögsaga var óþekkt fyrirbæri í alþjóðalögum fyrr en á áttunda áratug 20. aldar. Einnig benda Norðmenn á að landgrunnid frá Noregi nái alla leið til Svalbarða. Ulfstein og Churchill eru þessu sammála en segja að á Svalbarða gildi önnur lög en í Noregi. Sterkustu rökin sem þeir benda á er að fullveldi Norðmanna yfir Svalbarðasvæðinu byggist á Svalbarðasamningnum og því hljóti fiskverndarsvæðið að byggjast á Svalbarðasamningnum sem felur í sér jafnræðisrétt ríkja samningsins. Það mundi auk þess skjóta skökku við ef ríki nytu meiri réttinda innan 4 mílna landhelginnar og á eyjunum sjálfum en á fiskverndarsvæðinu.

Öldugangur

Skip norsku strandgæslunnar fylgdust með veiðum íslensku skipanna í Smugunni en skiptu sér ekki með beinum hætti af veiðum þeirra enda óumdeilt að Smugan væri á alþjóðlegu hafsvæði. Átök áttu sér hins vegar stað á Svalbarðasvæðinu þar sem norsk varðskip klipptu trollin aftan úr nokkrum íslenskum togurum og í einstaka tilfellum gripu þau til þess ráðs að skjóta viðvörunarskotum að íslenskum skipum. (Veiðarnar skiluðu fimm milljörðum þegar best lét 1999.) Íslensk skip voru ennfremur færð til hafnar og sektuð um háar fjárhæðir og íslenskum togurum bannað að sækja nokkra þjónustu í norskar hafnir. Loks settu Norðmenn íslenska togara, sem seldir höfðu verið til annarra landa, á „svartan lista“ og þeim var bannað að koma til Noregs (Veiðar í Barentshafi 1999). Síðla árs 1994 færðu norsk varðskip íslenskan togara til hafnar og sökuðu hann um ólöglegar veiðar á Svalbarðasvæðinu. Íslensk stjórnvöld mótmæltu og sögðu að Noregur hafi brotið gagnvart þjóðréttarlegum skuldbindingum sínum með því að meina Íslendingum veiðar á Svalbarðasvæðinu. Með því að skrifa undir Svalbarðasáttmálann höfðu íslensk stjórnvöld viðurkennt stjórnunarrétt Noregs við veiðar á Svalbarðasvæðinu en þau töldu að íslensk skip ættu að fá þar veiðikvóta (Gunnar G. Schram 2001).

Þóttu aðgerðir Norðmanna mjög harkalegar og stofna öryggi bæði íslenskra sjómanna og norskra varðskipsmanna í hættu. Minnstu munandi að til áreksra kæmi og þótti Íslendingunum norsku varðskipin sigla full glannalega inn á milli íslensku togaranna. Kvörtuðu þeir við íslensk stjórnvöld og kröfðust þess að þau sendu varðskip til að fylgja íslensku skipunum (Jón Heiðar Þorsteinsson 1995). Allt þetta leiddi að lokum til þess að mjög dró úr veiðum íslenskra skipa á Svalbarðasvæðinu og einbeittu þau sér þess í stað að Smugunni. Þessi hörðu átök við Norðmenn juku ennfremur þrýstinginn á stjórnvöld í löndunum að ná samningum um veiðar í Smugunni og á Svalbarðasvæðinu (Veiðarnar skiluðu fimm milljörðum þegar best lét 1999).

Þríhliða rammasamningur Íslands, Noregs og Rússlands

Viðræður á milli Íslendinga, Norðmanna og Rússa um lausn Smugudeilunnar hófust árið 1994. Hugmyndir ríkjanna voru mjög ólíkar og ekki var talið líklegt að samningar næðust milli þeirra. Viðræður héldu þó áfram árið 1995 en sigldu í strand vegna þess að hvorki Norðmenn né Íslendingar töldu hagstætt að semja strax. Veiðarnar í Smugunni gengu vel það árið og töldu íslenskir útgerðarmenn sig hafa af því hag að vinna sér inn veiðireynslu á svæðinu. Norskir kollegar þeirra, sem höfnuðu alfarið kröfum íslenskra stjórnvalda til veiða í Smugunni, töldu að draga myndi úr veiðum Íslendinga á svæðinu og því væri betra að bíða með að ná samningum (Veiðarnar skiluðu fimm milljörðum þegar best lét 1999).

Alvarlegar samningstilraunir voru gerðar árið 1996. Rússar og Norðmenn buðu Íslendingum 13 þúsund tonna kvóta í Barentshafi gegn gagnkvæmum veiðiheimildum í íslenskri lögsögu á ákveðnum tegundum en höfðu boðið Íslendingum 8 þúsund tonna kvóta í Barentshafi árið áður. Þær viðræður runnu þó líka út í sandinn. Kom til umræðu á Íslandi í kjölfar þessa að Íslendingar tækju sér einhliða kvóta í Smugunni. Sá möguleiki var einnig kannaður á ný að skjóta málinu til Alþjóðadómstólsins í Haag (Veiðarnar skiluðu fimm milljörðum þegar best lét 1999). Þar var þó einn hængur á; bæði lönd verða að hafa viðurkennt lögsögu dómstólsins. Íslendingar hafa ekki gefið út yfirlýsingu um bindandi rétt Alþjóðadómstólsins sem varðar landið, með einni undantekningu árið 1961 í 12 mílna deilunni. Þess ber að geta að árið 1930 gerðu Norðurlandþjóðirnar með sér samning um friðsamlega lausn deilumála. Takist ekki að leysa deilumál fer málið ýmist fyrir gerðardóm eða dómstól Þjóðabandalagsins og er dómurinn bindandi fyrir ríkin. Umræddur dómstóll er forveri Alþjóðadómstólsins í Haag. Ekki er þó sjálfgefið að Ísland eða Noregur geti vísað deiluefnum til Alþjóðadómstólsins án samþykkis beggja ríkjanna. Gunnar G. Schram (2001, bls. 128) telur þó að: „Með lögiöfnun má þó

Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (erindi og greinar)

halda því fram að ákvæði samningsins um bindandi lögsögu dómstóls Þjóðabandalagsins feli í dag í sér bindandi lögsögu Alþjóðadómstólsins.“

Viðræður á milli landanna hófust svo á ný í desember 1997 í Moskvu. Var þar ákveðið að reyna nýja leið til lausnar deilunni þar sem gert var ráð fyrir kvótaskiptum á grundvelli sanngjarns jafnvægis í tvíhliða samskiptum landanna á sviði fiskveiða. Komst verulegur skriður á viðræðurnar haustið 1998 og fylgdu samningafundir í kjölfarið og að lokum samkomulag. Samningurinn tók gildi 15. júlí 1999 og átti að gilda út árið 2002 og framlengjast síðan um fjögur ár í senn ef honum væri ekki sagt upp af einu af aðildarríkjum hans (Tómas H. Heiðar 1999). Samkvæmt samningnum fengu Íslendingar úthlutað 8.900 tonnum af heildarþorskvóta sem heimilt væri að veiða í Barentshafi á árinu 1999, auk heimilda til að mæta aukaafli íslenskra skipa í lögsögum Noregs og Rússlands. Gert var ráð fyrir að kvóti Íslendinga væri miðaður við 1,86% af heildarþorskvóta á þessu hafsvæði þannig að aflinn gæti því minnkað eða aukist í tonnum talið eftir því hver heildarkvótinn væri hverju sinni. Á móti fengu Norðmenn og Rússar kvóta í ákveðnum tegundum í íslenskrum lögsögu (Samið við Rússa og Norðmenn 1999).

Breytt stefna íslenskra ráðamanna?

Hvernig nær smáríki eins og Ísland hagstæðum samningum við mun stærri ríki eins og Noreg og Rússland? Voru Íslendingar að vinna gegn hagsmunum sínum sem strandríki sem á allt undir sjávarútvegi með veiðum á úthafinu? Breyttu stjórnvöld um stefnu frá því í þorskastríðunum?

Í ritgerð um Smugudeiluna skoðar Fredrik Sjö (2006) hvernig smáríki eins og Ísland geti bjargað sér í samningaviðræðum við mun stærri ríki eins og Noreg og Rússland. Fredrik Sjö styðst við kenningar Zartmans og Rubins og Baldurs Þórhallssonar. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að smáríkið Ísland hafi lagt mesta áherslu á að ná fram hagstæðum samningum í deilunni. Munurinn á því hve mikla áherslu ríkin lögðu á málið er mestur á milli Rússlands og Íslands og passar það við kenningu Baldurs: „One can thus finally say that small states don't have the capabilities to address every issue since their limited administration doesn't allow them to. But when faced with for the state an essential issue the limited administrative size acts as a benefit due to the benefits gained from its size“ (Fredrik Sjö 2006, bls.24). Samningaviðræður í Smugudeilunni voru mjög mikilvægar fyrir Íslendinga vegna þess hversu háðir þeir eru sjávarútvegi. Ef hrun yrði í sjávarútvegi hefði það slæmar afleiðingar bæði fyrir sjálfsímynd og efnahag Íslendinga. Það sást best í samningsviðræðunum 1996 (þar sem þeir drógu samningslið sitt til baka) að Íslendingar ætluðu ekki að setta sig við hvaða samninga sem er. Bæði Noregur og Ísland, litlu þjóðirnar í samningaviðræðunum, lögðu meiri áherslu á samningana en Rússland. Til að byrja með tóku Rússar ekki þátt í að mynda samninginn og þeir sendu aðstoðarutanríkisráðherra sinn til samningsfunda en minni ríkin sendu bæði utanríkisráðherra sína. Smugudeilan var því ekki eins mikilvæg fyrir Rússa og Íslendinga og Norðmenn. Leiða má líkur að því að Rússland hafi haft fleiri mál á sinni könnu og því ekki þótt mikilvægt að setja Smugudeiluna á oddinn. Rússneska stjórnkerfið er langtum stærra en það norska, hvað þá það íslenska, og aðrar deilur eins og stríðið í Tsjetsjeníu hafa án efa kallað á meiri athygli.

Fredrik kemst að þeirri niðurstöðu að smáríkið Ísland hafi bætt sér upp smæðina með því að hjóla í málið af fullum krafti. Minni stjórnsýsla sem hefur færri mál á sinni könnu ásamt mikilvægi málsins fyrir þjóðarhag gerði það að verkum að Ísland náði fram hagstæðum samningum í deilum við tvö mun stærri ríki.

Jón Heiðar Þorsteinsson (1995) segir að meginrök Íslendinga í deilunni hafi verið að árétta mikilvægi sjávarútvegs fyrir íslenskt þjóðlíf. Íslendingar notuðu síður rök um réttindi strandríkja þrátt fyrir að þeir hafi reynt að sannfæra aðra um að þeir hafi hvergi horfið frá línu strandríkja. Jón telur að starf Íslands í Sameinuðu þjóðunum hafi ekki verið ósvipað og í þorskastríðunum. Andstæðingar Íslands gátu þó bent á að þeir voru að veiða úr stofnum sem þegar voru undir kvóta en svo hafi ekki verið þegar Íslendingar náðu yfirráð yfir Íslandsmiðum. Aukin umhverfisvitund gerði Íslendingum erfiðara að réttlæta aukna sókn á fjarlæg fiskimið. Ennfremur hefur verið bent á að Íslendingar hafi farið í veiðarnar vegna þess að hart hafi verið í ári á Íslandsmiðum vegna lélegrar fiskveiðistjórnunar Íslendinga. Íslendingar hafa lagt áherslu á ólíka hagsmuni strandríkja og úthafsveiðiríkja þar sem þeir hafa mikla hagsmuni bæði af úthafsveiðum og reglu á veiðum innan 200 mílna efnahagslögsögu. Íslendingar hafa lagt áherslu að samið verði um hagsmuni úthafsveiða í heild sinni.

Eitt af einkennum þessarar deilu er að til hennar var ekki stofnað af íslenska ríkinu heldur hófst hún í kjölfar veiða íslenskra togara. Hagsmunaaðilar á Íslandi stofnuðu til deilu við nána vinaþjóð (Noreg) án þess að íslensk stjórnvöld kæmu þar nálægt. Þess vegna er erfitt að segja að Íslendingar

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (erindi og greinar)

hafi breytt um stefnu í málinu. Ekki var eining um hvernig ætti að bregðast við veiðum útvegsmanna í Barentshafi. Sjávarútvegsráðherra vildi stöðva veiðarnar en bæði utanríkisráðherra og forsætisráðherra töldu sig hvorki hafa lagalegt né pólitískt umboð til þess. Jón Heiðar (1995) segir íslensk stjórnvöld hafi reynt að sigla á milli skers og báru í málinu; þau reyndu að styðja við bakið á útvegsmönnum í baráttu þeirra gegn Norðmönnum en héldu uppi vörnum fyrir strandríki á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1995. Íslendingar voru alls ekki hrifnir af hugmyndinni um sögulegan veiðirétt á tímabili þorskastríðanna. Ef sögulegur réttur til veiða hefði orðið ofan á er mjög ólíklegt að íslensk stjórnvöld hefðu náð jafneindregnum yfirráðum yfir Íslandsmiðum og raun bar vitni. Íslensk stjórnvöld hafa einnig gagnrýnt þessi viðmið á miðunum í Barentshafi þrátt fyrir að raddir hafi heyrst um að Íslendingar hafi unnið sér inn veiðirétt á svæðinu. Jón segir enn fremur að íslensk stjórnvöld hafi haldið áfram að styðja við bakið á strandríkjum enda hafa þau umtalsverða hagsmuni af því. Þeir þurftu þó að slá aðeins af eindreginni afstöðu sinni og bentu á mikilvægi málamiðlanna milli úthafsveiðiríkja og strandríkja. Íslendingar lögðu minni áherslu á að þeir væru strandríki (en í þorskastríðunum) og meiri á mikilvægi sjávarútvegs fyrir þjóðarhag.

Jón Baldvin Hannibalsson (1994) vísaði því algjörlega á bug að Íslendingar hafi breytt um stefnu í sjávarútvegsmálum í deilunni í Barentshafi. Jón Baldvin taldi að flestar sjávarútvegsþjóðir stunduðu bæði strandveiðar og úthafsveiðar. Engin skömm væri í því fölginn að við værum ein af 15 stærstu sjávarútvegsþjóðum heims. Hann bendir á að 10% heimsaflans séu veidd á úthöfum. Rányrkja og ofveiði eru alþjóðlegt vandamál sem stöðugt kemur betur í ljós þar sem heimsaflinn hefur dregist saman á meðan flotinn stækkar. Íslendingar hafa ávallt verið í fararbroddi strandríkja á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Jón Baldvin heldur áfram (bls. 8):

Við höfum hvergi horfið frá stefnu strandríkja í okkar hugmyndum heldur lagt á það áherslu að þau hafi frumkvæðisrétt og beri ábyrgð á verndun fiskistofna gagnvart hinu alþjóðlega samfélagi. Í okkar tillögum er þó hvergi gert ráð fyrir einhliða rétti strandríkja utan eigin lögsögu líkt og Norðmenn hafa tekið sér á Svalbarðasvæðinu. Strandríkin verða að semja við aðrar þjóðir um svæðisbundna stjórnun á nýtingu stofna sem ganga inn og út um lögsögu.

Einnig bendir Jón Baldvin á að Norðmenn hafi kastað steini úr glerhúsi þegar þeir sökuðu Íslendinga um ofveiði á sínum miðum. Íslendingar hafa unnið dyggilega af fiskverndun síðustu áratugi og tekið upp mjög strangt kvótakerfi. Íslendingar hafa ávallt verið skrefinu á undan Norðmönnum varðandi verndun fiskistofna. Flestir fiskistofnar innan íslensku lögsögunnar voru í þolanlegu lagi fyrir utan þorskstofninn.

Niðurlag

Deilur Íslendinga við frændþjóð sína Norðmenn og rússneska þjórninn í Barentshafi voru alþjóðlegar deilur. Samningar náðust 15. júlí 1999 og hafði þessi deila þá staðið í rúm sex ár. Það er óumdeilt að Íslendingar höfðu fullan rétt til veiða í Smugunni samkvæmt alþjóðalögum um veiðar á úthafinu. Íslendingar fóru að alþjóðalögum og náðu góðum þríhliða samningi við Rússa og Norðmenn þrátt fyrir að vera litla ríkið í samningunum. Ástæðan fyrir góðri útkomu Íslendinga í samningaviðræðunum má rekja til smæðar landsins; deilan á Barentshafi var mikilvægari fyrir Íslendinga en Norðmenn og Rússa. Rússar höfðu mikilvægari hnöppum að hneppa og sjávarútvegur er ríkisstyrktur iðnaður í Noregi.

Deilan um Svalbarða er meira spennandi frá lögfræðilegu sjónarhorni. Norðmenn hafa haldið fram ákveðnum sjálftökurétti á Svalbarða. Húsbóndaréttur Norðmanna nær þó ekki mikið lengra en að þeir eiga að sjá um réttláta dreifingu auðlinda við eyjarnar til aðildarríkja Svalbarðasáttmálans.

Það á ekki eftir að skipta höfuðmáli fyrir Íslendinga hvort þeir geta veitt fisk á þessu svæði enda svarar varla olíukostnaði að sigla þangað nema aflinn sé mjög góður. Meira spennandi eru þær gifurlegu gas- og olíulindir sem umlykja Svalbarða. Vísindamenn nálgast óðfluga tæknilegra lausna til að vinna gas og olíu á eins miklu dýpi og þær eru á landgrunninu í kringum Svalbarða (Jón Baldvin Hannibalsson, munnleg heimild, 20. október 2006). Þegar svartagullið fer að streyma úr landgrunni í kringum Svalbarða á fyrst eftir að reyna á hvort lögskýring Norðmanna standist vaðandi Svalbarðasáttmálann.

Stjórnsmál og stjórnsýsla vef tímarit (erindi og greinar)

Heimildir

- Churchill, R. R. og Ulfstein, G. (1992). *Marine Management in disputed areas: The case of the Barents Sea*. London: Routledge.
- Jón Baldvin Hannibalsson (1996, 28. apríl). Orrustan um Atlantshafið. *Morgunblaðið*, bls. 30-32.
- Jón Baldvin Hannibalsson og Fleischer, C. A. (1996) Fiske og havrett í nord. *Det Sikkerhetspolitiske bibliotek*, 8, bls. 3-20.
- Jón Baldvin Hannibalsson (1994, september). Verðum að sýna Norðmönnum hörku. *Ægir*, bls. 4-12. (Viðtal tók Páll Ásgeir Ásgeirsson.)
- Jón Heiðar Þorsteinsson (1995, október). „Úthafsveiðar Íslendinga: Deilur Íslendinga við nágretta um úthafsveiðar.“ Reykjavík. Sótt 2. nóvember 2006 af http://www.simnet.is/jonhth/Uthafsveiðar_BA_ritgerd_jhth.pdf
- Samið við Rússa og Norðmenn. (1999, 15. apríl). *Morgunblaðið*. Sótt 26. október 2006 af <http://www.mbl.is>
- Sjö, F. (2006) *The Loophole, the Power and the Sea Small States in Asymmetric Negotiations*. Háskólinn í Lundi. Sótt 2. nóvember 2006 af <http://theses.lub.lu.se/archive/2006/01/09/1136818434-21166-555/C-uppsats5B25D.pdf>
- Sjavarútvegsráðuneytið (2006). Hlutdeild sjavarútvegs í VLF. Inn- og útflutningur Sótt 1. nóvember 2006 af http://www3.sjavarutvegsraduneyti.is/media/sjavarutvegur_i_tolum/mynd_5-1_2006.pdf
- Tómas H. Heiðar (1999). „Lausn deilna við nágretta á sviði fiskveiða og hafréttar“. *Sjávarysín – blað meistaranema í sjavarútvegsfræðum við Háskóla Íslands*, 1. tbl. 1. árg., bls. 23.
- Veiðarnar skiluðu fimm milljörðum þegar best lét (1999, 6. mars). *Morgunblaðið*. Sótt 26. október 2006 af <http://www.mbl.is>
- Veiðar í Barentshafi (1999, 6. mars). *Morgunblaðið*. Sótt 26. október 2006 af <http://www.mbl.is>